



MARKMIÐ OG FRAMKVÆMD

Könnun þessi er gerð fyrir Viðskiptaráð Íslands (VÍ). Markmið hennar var að meta viðhorf forsvarsmanna stærri fyrirtækja til ýmissa þátta í rekstrarumhverfi fyrirtækja.

Könnunin fór fram dagana 13.-31. janúar 2011. Þýði fyrirtækja með 10 starfsmenn eða fleiri var fengið hjá CreditInfo. Úr því var tekið 600 fyrirtækja úrtak. Auk þess var bætt við fyrirtækjum sem eru aðilar að VÍ en voru ekki í úrtakinu. Alls voru því 720 forsvarsmenn í úrtakinu. Allir þátttakendur fengu sendan rafrænan spurningalista í tölvupósti. Send var áminning fjórum sinnum á þá sem ekki höfðu svarað. Hringt var í þá sem ekki svöruðu eftir áminningu og þeim boðið að svara í síma. Þeir sem höfðu ýmist hætt starfsemi eða áttu ekki að vera hluti af úrtaki voru 26.

SVÖRUN

Upphaflegt úrtak: 720

Eiga ekki að vera hluti af úrtaki: 26

Endanlegt úrtak: 694

Náðist ekki í/svara ekki: 302

Fjöldi svarenda: 392

Svarhlutfall: 56,5%

Reykjavík 4. febrúar 2011

Með þökk fyrir gott samstarf,

Þóra Ásgeirsdóttir

Þorlákur Karlsson

Kristján Ketill Stefánsson

STUTTAR SKÝRINGAR Á TÖLFRÆÐIHUGTÖKUM Í SKÝRSLU

Meðaltal í könnunum er mæligildi á svonefnda miðsækni svara. Það segir til um hvar þungamiðja svara við tiltekinni spurningu liggur. Formúla meðaltals í orðum er einfaldlega að tölugildi svara allra þátttakenda eru lögð saman og deilt í með fjölda svara.

Staðalfrávik í könnunum er mæligildi á það hve mikið svör við tiltekinni spurningu sem er mæld á samfelldan kvarða dreifast í kringum meðaltal hennar. Þannig að í tiltekinni viðhorfsspurningu þýðir lágt staðalfrávik að lítill munur sé á viðhorfi svarenda og meira að marka meðaltalsviðhorfið en þegar staðalfrávik er hátt, sem myndi þýða að meiri munur væri á viðhorfi svarenda.

Kí-kvaðrat próf er marktektarpróf sem er notað til að meta hvort að marktækur munur er á bakgrunnshópum á svarkvörðum sem ekki teljast samfelldir.



Sp1ab. Hver telur þú vera tvö mestu tækifæri til verðmætasköpunar í íslensku atvinnulífi á næstu 10 árum? – bæði atriði saman

	Fjöldi	% Svára	% Svarenda	
Nýting orkuauðlinda/orkuauðlindir/hækkun orkuverðs	110	20,8	37,9	110
Ferðamennska/ferðapjónusta	88	16,7	30,3	88
Nýsköpun/nýjar hugmyndir/hugvit	49	9,3	16,9	49
Fiskveiðar/fiskvinnsla/fullvinnsla fiskafurða/aukinn kvóti/fiskeldi	47	8,9	16,2	47
Iðnaður - almennt	37	7,0	12,8	37
Gagnaver/hugbúnaður/hátækni	29	5,5	10,0	29
Menntun/þekking/mannauður	19	3,6	6,6	19
Útflutningur	14	2,7	4,8	14
Skattar/skattalækkunar/einföldun skattkerfis	12	2,3	4,1	12
Áliðnaður/stóriðja	12	2,3	4,1	12
Virkjanir	6	1,1	2,1	6
Evra/nýr gjaldmiðill	5	0,9	1,7	5
Annað	100	18,9	34,5	100
Gild svör	528	100,0	182,1	

*33 einstaklingar völdu sama svarflokk fyrir fyrri og seinna tækifæri þeirra. Svar er talið einu sinni í gögnunum.

	Fjöldi	%
Gild svör	290	74,0
Svara ekki	102	26,0
Heildarfjöldi	392	100,0

Sá flokkur tækifæra til verðmætasköpunar sem tíðast var nefndur var orka (nýting orkuauðlinda, orkuauðlindir almennt og hækkun orkuverðs), en tæplega 38% svarenda nefndu orku sem tækifæri. Næst eru tækifæri í ferðapjónustu, en rúmlega 30% nefndu hana. Mun færri nefndu tækifæri á öðrum sviðum.

Samanlögð prósentu fyrir svarendur er hærri en 100% þar sem menn gátu merkt við fleira en eitt atriði.

Á næstu síðu er að finna orðaský fyrir bæði atriðin saman og á þarnaestu síðu eru svör manna greind eftir bakgrunni fyrirtækja. Það er athyglisvert að hugmyndir að tækifærum til verðmætasköpunar eru óháðar því hver bakgrunnurinn er, þar sem engin bakgrunnsbreyta hefur marktæk tengsl við tækifærin sem nefnd eru.



Sp2. Hvað stendur helst í vegi fyrir endurreisn íslensks efnahagslífs að þínu mati?

	Fjöldi	% Svára	% Svarenda		
Stjórnvöld	203	43,5	68,6		203
Of háir skattar	60	12,8	20,3		60
Gjaldeyrishöft/Íslenska krónan	30	6,4	10,1		30
Bankarnir og vinnubrögð þeirra	29	6,2	9,8		29
Seinagangur í skuldaleiðréttingu	20	4,3	6,8		20
Gjaldmiðill	18	3,9	6,1		18
Öfund/Þróngsýni/svartsýni	18	3,9	6,1		18
Siðleysi/spilling/Óbreytt viðhorf í rekstri	15	3,2	5,1		15
Skortur á lánsfé	15	3,2	5,1		15
Fortíðin/áhersla á fortíðina/fjármagn sem farið hefur úr landi	12	2,6	4,1		12
Vöntun á atvinnutækifærum/nýsköpun	10	2,1	3,4		10
Háir vextir	8	1,7	2,7		8
Sjávarútvegur/fiskveiðistjórnunarkerfið	7	1,5	2,4		7
Skortur á tiltrú á efnahagslífið	7	1,5	2,4		7
Skuldastaða/skuldasöfnun	5	1,1	1,7		5
Andstaða við ESB	3	0,6	1,0		3
Annað	7	1,5	2,4		7
	Gild svör	467	100,0		157,8

	Fjöldi	%
Gild svör	296	75,5
Svara ekki	96	24,5
Heildarfjöldi	392	100,0

Vel yfir tveir þriðju svarenda nefndu stjórnvöld sem það helsta sem stendur í vegi fyrir endurreisn íslensks efnahagslífs (68,6%). Samanlögð prósentu svarenda er vel yfir 150% af því að annar hver svarandi nefndi tvennt að meðaltali. Stjórnvöld voru nefnd í 43-44% svára.

Um fjórðungur nefndi ekkert sem stendur í vegi fyrir endurreisn íslensks efnahagslífs (sjá neðri töfluna).

Á næstu síðu má finna hvernig svör greinast eftir bakgrunni. Þar má sjá að forsvarsmenn fyrirtækja með mikla eða litla veltu telja að of háir skattar séu helsta hindrun í endurreisninni og þau fyrirtæki sem eru staðsett á höfuðborgarsvæðinu fremur en þau á landsbyggðinni.



Sp3. Hvaða tveir eftirtalinna þátta valda mestum erfiðleikum í rekstri þíns fyrirtækis um þessar mundir?

	Fjöldi	% Svára	% Svarenda
Orðspor viðskiptalífsins	174	29,8	51,8
Samdráttur í eftirspurn	124	21,3	36,9
Veikt gengi krónunnar	66	11,3	19,6
Skert aðgengi að fjármagni	57	9,8	17,0
Orðspor og trúverðugleiki Íslands	33	5,7	9,8
Höft á fjármagsflutninga	27	4,6	8,0
Hátt vaxtastig	24	4,1	7,1
Stjórnvöld	16	2,7	4,8
Óvissa	14	2,4	4,2
Verðbólga	11	1,9	3,3
Ófagleg vinnubrögð bankanna	6	1,0	1,8
Ekkert	5	0,9	1,5
Launahækkningar/launatengd gjöld	4	0,7	1,2
Fiskveiðistjórnun/óvissa í sjávarútvegi	4	0,7	1,2
Skuldastaða	3	0,5	0,9
Sérhæft vinnuafli	2	0,3	0,6
Annað	13	2,2	3,9
	Gild svör	583	100,0
			173,5

	Fjöldi	%
Gild svör	336	85,7
Svara ekki	56	14,3
Heildarfjöldi	392	100,0

Þeir svarflokkar sem voru birtir svarendum í spurningunni hér fyrir ofan um erfiðleika í rekstri eru **feitletraðir** í töflunni hér að ofan - hinir voru nefndir sem viðbót af svarendum.

Í þessari spurningu mátti merkja við fleiri en einn svarkost og því er samtalsprósenta fyrir svarendur mun hærrí en 100%. Næstum 52% svarenda nefna orðspor viðskiptalífsins (29,8% svaranna) sem þátt sem veldur mestum erfiðleikum í rekstri fyrirtækis þeirra. Næst oftast var samdráttur í eftirspurn nefndur sem sá þáttur sem talinn er valda mestum erfiðleikum, eða af um 37% svarenda (21,3% svaranna). Mun færri nefndu aðrakosti.

Á bls. 14 eru þessi svör greind eftir tegundum fyrirtækja og þar er marktækur munur á svörum í 5 bakgrunnsbreytum. Sem dæmi má nefna að því fjölmennara sem fyrirtækið er því líklegra er að forsvarsmáður þess nefni orðspor viðskiptalífsins sem þátt sem veldur mestum erfiðleikum. Þá nefna forsvarsmenn fyrirtækja á höfuðborgarsvæðinu fremur samdrátt í eftirspurn sem þátt sem veldur erfiðleikum í rekstri en forsvarsmenn fyrirtækja á landsbyggðinni.